

Gítarhópar

Nemendur í hópkenndu á gítar sækja vikulega tíma í hálf klukkustund til gítarkennara og læra grundvallaratriðin í gítarleik ásamt því að þjálfast í samleik og að læra góða sviðsframkomu. Þessi kenndu er góður undirbúningur fyrir einkakennslu á gítar, hvort sem er rytmískt eða klassískt nám. Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í hópkenndu á gítar.

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- hafi náð nokkuð góðri handstöðu beggja handa.
- beiti jöfnum fingrahreyfingum.
- hafi kynnst því að leika með nögl og fingrum.
- kunni skil á einföldum gripum.
- geti gert nokkrar styrkleikabreytingar.
- geti brotið hljóma.
- hafi kynnst nokkrum tónstigum.
- hafi kynnst tólf takta blúsformi.
- hafi öðlast grundvallarhrynskyn.
- geti lesið einföld verkefni, bæði á nótum og TAB.
- hafi þjálfast í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast í að leika eftir eyra.
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins.
- hafi þjálfast í samleik.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist miðað við aldur og reynslu:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilningu á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu